

## Reglur um ferðakostnað, risnu og gjafir fulltrúa/starfsmanna Bárunnar stéttarfélags

### Gildissvið

1. Reglur þessar eiga við um fulltrúa Bárunnar, stéttarfélags s.s. stjórnarmenn, starfsmenn, trúnaðarmenn eða aðra þá sem veita forystu í tilteknu máli og ætlast er til að komi fram fyrir hönd Bárunnar, stéttarfélags og í sumum tilfellum leiða hóp fulltrúa t.d. í samninganefnd eða í afmörkuðum málaflokkum. Reglurnar eiga við um alla fundi eða samkomur á vegum félagsins.
2. Í reglum þessum er greint á milli eftirfarandi aðila:
  - 2.1. Prókúruhafar Bárunnar, stéttarfélags s.s. formaður.
  - 2.2. Starfsmenn Bárunnar.
  - 2.3. Fulltrúar Bárunnar s.s. stjórnarmenn, starfsmenn, trúnaðarmenn eða aðrir þeir sem veita forystu í tilteknu máli og koma fram fyrir hönd félagsins og í sumum tilfellum leiða hóp fulltrúa t.d. í samninganefnd eða afmörkuðum málaflokkum.
3. Formaður/varaformaður koma almennt fram fyrir hönd Bárunnar, stéttarfélags í samskiptum við önnur félög, landssambönd, fyrirtæki, stofnanir, fjölmiðla og aðra aðila sem félagið hefur samskipti við nema annað sé sérstaklega ákveðið
4. Félagið leitast við að skipta eingöngu við aðila sem tryggja starfsmönnum sínum kjarasamningsbundin réttindi og aðbúnað.

### Risna og veitingar

5. Prókúruhöfum er heimilt að stofna til kostnaðar vegna risnu sem veitt er vegna starfsemi Bárunnar. Veitt risna skal ætíð vera í samræmi við tilefni, s.s. kaffiveitingar eða málsverðir enda kalli tilefni á veitingar. Skýring skal koma fram á fylgiskjali í reikningum félagsins þar sem fram kemur: i. Hverjum er veitt. ii. Hvert tilefnið er. iii. Hver heimilar risnu.
6. Fulltrúar Bárunnar, stéttarfélags sem sinna ákveðnum verkefnum í umboði stjórnar hafa rétt til að veita risnu eftir samráð við prókúruhafa. Gilda sömu reglur um þá risnu og samkvæmt 5. grein.
7. Þegar fulltrúar félagsins taka þátt í ráðstefnum, málþingum eða öðrum formlegum viðburðum þar sem gert er ráð fyrir sameiginlegum máltíðum er fulltrúum Bárunnar, stéttarfélags heimilt að taka þátt í slíkum málsverðum velji þeir að gera slíkt. Hafi ekki verið greiddir dagpeningar skal viðkomandi fulltrúi færa kostnað á reikning félagsins verði því við komið eða leggja út fyrir kostnaði og skila inn reikningi til gjaldkera sem endurgreiðir viðkomandi kostnað.
8. Í tengslum við þing landssambanda og/eða aðra viðburði þar sem Bára, stéttarfélag á fulltrúa, er heimilt að greiða fyrir hátíðarkvöldverð fyrir fulltrúa félagsins ásamt drykk með mat. Sjá nánar 10. grein um áfengisveitingar.
9. Formaður Bárunnar, stéttarfélags eða fulltrúi í umboði formanns, hafa heimild til að bjóða gestum eða kalla til sérfræðiaðstoð vegna verkefna, telji þeir þörf á og tilefni til. Heimilt er að greiða ferðir, veitingar, gistingu og annan kostnað vegna gesta, ræðumanna eða annarra sérfræðinga sem Bára, stéttarfélag fær til að taka þátt í ráðstefnum, fundum, eða öðrum verkefnum þess.
10. Áfengi skal ekki veitt nema við sérstakar aðstæður. Áfengisveitingum skal stilla í hóf þegar veittar eru. Miðað skal við fordrykk þar sem það á við, hóflega veitt borðvín með mat og drykk með kaffi þegar það á við.

## Gjafir

11. Stjórn Bárunnar, stéttarfélags er heimilt að ráðstafa hóflegum fjárhæðum vegna gjafa s.s. til handa stjórnarmönnum, fyrrverandi stjórnarmönnum, starfsmönnum og/eða öðrum félagsmönnum sem gegnt hafa trúnaðarstörfum fyrir Bárúna, stéttarfélag. Tílefni slíkra gjafa skal vera t.d. starfslok, stórafmæli eða aðrir viðlíka viðburðir.
12. Stjórn/formanni er heimilt að ráðstafa hóflegri fjárhæð ár hvert til:
  - a) Jólagjafa fyrir starfsmenn.
  - b) Merktar vörur til dreifingar sem stjórn telur við hæfi.
  - c) Gjafir/framlög við sérstök tílefni vegna samskipta félagsins út á við.

## Ferðakostnaður

13. Fulltrúar Bárunnar, stéttarfélags sem sinna verkefnum fyrir félagið utan síns starfssvæðis skulu eiga þess kost að velja hvort heldur þeir nota flug eða bíl til að komast á ákvörðunarstað.
14. Bifreiðakostnaður er greiddur starfsmönnum og öðrum fulltrúum Bárunnar, stéttarfélags skv. akstursskýrslu. Greitt er kílómetragjald skv. reglum Ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Á akstursskýrslu skal koma fram kílómetrafjöldi, tílefni ferðarinnar, upphafs- og áfangastaður.
15. Þegar starfsmenn eða aðrir fulltrúar Bárunnar, stéttarfélags sækja saman fundi eða viðburði skulu þeir leitast við að sameinast um bíla til að halda ferðakostnaði í lágmarki.
16. Miða skal greidda kílómetra starfsmanna og fulltrúa við skrifstofu Bárunnar, stéttarfélags eða heimili viðkomandi ef það á við. Bókfæra skal akstursskýrsla hlutfallslega á fleiri en eitt verkefni ef akstursskýrsla gefur tílefni til þess.
17. Greitt skal fyrir þann tíma sem stjórnarmaður er frá vinnu vegna starfa fyrir félagið samkvæmt samþykkt stjórnar hverju sinni. Greiddur skal ferðatími viðkomandi stjórnarmanns til og frá fundi sé um lengra en 30 km. ferðalag að ræða.
18. Fylla skal út ferðakostnaðareyðublað vegna ferðakostnaðar.

## Dagpeningar

19. Starfsmenn eða fulltrúar Bárunnar, stéttarfélags sem eru vegna starfa sinna innanlands fjarri heimili sínu skal séð fyrir fæði, að öðrum kosti skuli greiddir dagpeningar skv. Ferðakostnaðarnefnd ríkisins. Dagpeningar greiðast almennt ekki á skemmri ferðum (styttri en 6 klukkustundir). Þar sem ekki er séð fyrir fæði er fulltrúum/starfsmönnum heimilt að greiða fyrir máltíðir og annan kostnað og skila inn kostnaðaruppgjöri ásamt kvittunum þar sem fram kemur tílefni ferðar.
20. Þegar fulltrúar/starfsmenn félagsins sækja fundi, ráðstefnur eða önnur erindi fjarri heimili innanlands skal félagið greiða gistingu gegn framvísun reikninga. Skrifstofa félagsins aðstoðar við bókun á gistingu og skal leitast við að gista á hótelum eða gististöðum sem félagið hefur viðskiptasamning við til að tryggja hagstæðustu kjör. Óski fulltrúar félagsins ekki eftir að nýta þá gistingu sem er í boði eru greiddir dagpeningar vegna gistingar.
21. Vegna ferðalaga erlendis eru greiddir fæðisdagpeningar skv. ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins. Báran, stéttarfélag greiðir fyrir hótél og ferðir (kostnað við ferðalag frá starfstöð til fundarstaðar). Á ferðadögum skal ávallt greiða fulla fæðisdagpeninga, en ef fram kemur í fundarboði að boðið sé upp á fæði á meðan á fundum stendur, skal greiða hálfá fæðisdagpeninga á fundardögum. Fæðisdagpeningar vegna ferðalaga erlendis skulu greiddir fyrir fram, þ.e. áður en ferð hefst.
22. Fulltrúar Bárunnar, stéttarfélags skulu fylla út kostnaðaryfirlit vegna dagpeningagreiðslna þar sem fram kemur tílefni ferðar.

### **Bílaleigubílar**

23. Fulltrúum/starfsmönnum félagsins skal séð fyrir bílaleigubílum ferðist þeir fjarri heimili með flugi eða ferju. Formaður/skrifstofustjóri skal sjá til þess að ævinlega sé í gildi samningur við bílaleigu um hagstæðustu kjör.
24. Þegar fleiri en einn fulltrúi Bárunnar, stéttarfélags dvelur á sama stað í sömu erindum skal halda fjölda bílaleigubíla í hófi þannig að bílar verði samnýttir eins og kostur er.
25. Fulltrúar Bárunnar stéttarfélags skulu almennt nota bíla á vegum félagsins eingöngu vegna starfa í þágu félagsins. Þegar fulltrúar Bárunnar, stéttarfélags dvelja næturlangt fjarri heimili í erindum þess og hafa bílaleigubíl til afnota er þeim heimilt að sinna einkaerindum utan vinnutíma á bílnum enda sé notkun hans stillt í hóf.
26. Ef áætlunarflug fellur niður eða aðrar ástæður valda því að fulltrúi Bárunnar, stéttarfélags sem dvelur fjarri heimili óskar að komast sem fyrst heim, er viðkomandi heimilt að aka bílaleigubíl á kostnað Bárunnar stéttarfélags til síns heima.
27. Ef nota þarf bílaleigubíl skal hann vera af millistærð eða minni. Ekki er heimilt að leigja stærri bílaleigubíla á kostnað félagsins nema sérstakt tilefni sé til.

### **Framkvæmd og brot á reglum þessum**

28. Ef ástæða þykir til getur stjórn óskað eftir að fá yfirlit um ferðakostnað eða dagpeningagreiðslur.
29. Telji stjórn Bárunnar, stéttarfélags ástæðu til að kanna kostnað vegna risnu, ferðakostnaðar eða dagpeninga skal stjórnin vísa málinu til siðanefndar sem getur kallað til lögmann og endurskoðendur til aðstoðar. Siðanefnd skal hafa fullan og óskertan aðgang að bókhaldi félagsins og öllum fylgiskjölum.
30. Siðanefnd skal meðhöndla slík mál af ýtrasta trúnaði þar til niðurstaða fæst í málið samkvæmt ákvæðum um málsskotsrétt í starfs- og siðareglum Bárunnar stéttarfélags.
31. Greiddri risnu, ferðakostnaði eða dagpeningum er formaður hefur samþykkt og greitt út verður ekki rift af stjórn nema hún telji að um sviksamlegt athæfi sé að ræða, en þá getur stjórnin falið lögmanni Bárunnar, stéttarfélags að krefja viðkomandi um endurgreiðslu.
32. Telji stjórn félagsins veitta risnu, greiddan ferðakostnað eða dagpeningagreiðslur hafa farið úr hófi fram, tilefni ekki verið skýrt og/eða ekki í samræmi við vilja stjórnar skal vísað til ákvæða málsskotsréttar samkvæmt siðareglum Bárunnar, stéttarfélags.
33. Telji stjórn félagsins prókúruhafa, fulltrúa eða starfsmenn Bárunnar, stéttarfélags hafa með sviksamlegum hætti látið félagið bera kostnað sem því er óviðkomandi, falsað eða breytt fylgiskjölum, sagt ósatt um tilefni kostnaðar eða á annan hátt látið Báruna, stéttarfélag greiða kostnað sem því ekki bar að greiða og er starfsemi þess óviðkomandi, sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta, er stjórn félagsins skylt að grípa til þeirra ráðstafana er hún telur verja hagsmuni félagsins best.

*Þannig samþykkt á aðalfundi Bárunnar, stéttarfélags þann 22. maí 2017*